

Fundargerð stjórnar BÍS

Fundarstjóri: Dagmar Ýr Ólafsdóttir aðstoðarskátahöfðingi, formaður félagaráðs.	Fundur nr. 19/2017
Fundarritari: Hermann Sigurðsson	
Mættir: Anna G Sverrisdóttir formaður fjármálaráðs Berglind Lilja Björnsdóttir formaður ungmennaráðs Björk Norðdahl formaður fræðsluráðs Dagmar Ýr Ólafsdóttir aðstoðarskátahöfðingi, formaður félagaráðs Harpa Ósk Valgeirdóttir formaður dagskráráðs Jakob Guðnason formaður upplýsingaráðs Jón Þór Gunnarsson formaður alþjóðaráðs Hermann Sigurðsson framkvæmdastjóri BÍS	Fundarstaður: Skátamiðstöðin Hraunbæ 123 Dags: 2. maí 2017 Frá kl. 19:30 Til kl. 21:29
Á Skype: Marta Magnúsdóttir skátahöfðingi	
Fjarverandi: Sigríður Ágústsdóttir skrifstofustjóri BÍS	

Nr.	Fundarefni	Verklok	Ábyrgur
1	Setning Dagmar Ýr Ólafsdóttir aðst.skátahöfðingi setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.		DÝÓ
2	Fundargerð síðasta fundar Fundargerðir síðustu tveggja stjórnarfunda BÍS eru samþykktar með breytingum. Fundargerðir framkvæmdaráðs BÍS eru samþykktar. Ef athugasemdir við fundargerð nr. 19 berast ekki innan fjögurra daga telst hún samþykkt og verður sett á netið.		HS
3	Yfirlit stjórnarmanna: Anna G: Úlfljótsvatnsráðsfundur, fundur með Endurvinnslunni, yfirsýn fjármála. Berglind: Meðlimir í ráðinu eru virkir og hafa verið dugleg að sækja námskeið á vegum Erasmus+ og er það jákvætt. Björk: Þrjú Gilwell námskeið fyrirhuguð í maí. Gengur vel. Dagmar: Hélt stjórnarnámskeið um helgina, 8 þátttakendur sóttu það. Er að aðstoða skátafélag við innri mál. Er að byrja að skipuleggja félagsförlingjafund í haust. Harpa: Dagskráráð er búið að manna mótsstjórn Drekaskáta til 3ja ára. Ráðið er búið að ræða aldursbilamótin og vilja nota táknrænu umgjörðina úr starfsgrunninum, hugmyndavinna er komin vel af stað. Vangaveltur um að fá hópá til að taka afmörkuð verkefni eða fá mótsstjórn sem tæki allan pakkann. Ramminn sem er kominn verður sendur á stjórn til upplýsingar og síðan lagður undir stjórn til umræðu og samþykktar þegar hann er tilbúinn.		Allir

	<p>Jakob: Upplýsingaráð hittist í næstu viku.</p> <p>Jón Þór: Setti út auglýsingu eftir fararstjórum fyrir World Scout Jamboree 2019 og biður stjórnarmenn að hvetja skátana okkar sem hafa áhuga um að sækja um.</p> <p>BÍS: Sumarleyfi skipulögð. Sumarleyfisskjalíð verður sett á sameiginlegt drif stjórnar.</p>		
<p>4</p>	<p>Meginviðfangsefni 1:</p> <p>Skipulag reksturs Skátamiðstöðvarinnar – tímalína JPG fór yfir stöðu Skátamiðstöðvarinnar og benti á að stjórn þarf að taka afstöðu til breytinga í skátamiðstöðinni m.t.t. fyrirhugaðs samdráttar í tekjum (þar sem skátamiðstöðin er ekki sjálfbær í rekstri miðað við ársreikninga síðustu tveggja ára), breyttra forsendna í rekstri dótturfélaga, mögulega ráðning nýs framkvæmdastjóra, skoða þær tekjur sem hreyfingin aflar og áherslur næstu árin. Markmiðið með þessari vinnu næstu misserin er að í lok júní verði tilbúin áætlun fyrir rekstur Skátamiðstöðvarinnar frá árinu 2018.</p> <p>Til að nýir stjórnarmenn geti betur glöggvað sig á starfsemi Skátamiðstöðvarinnar og verkefna hennar er gott að kynna sér eftirfarandi stuðningsskjöl:</p> <ol style="list-style-type: none"> 1) Mind map skjal frá framkvæmdastjóra 2) Núverandi skipurit 3) Starfsáætlun BÍS 4) Lög BÍS <p>Að auki þarf að yfirfara verkefnaform og uppfæra rekstrar- og fjárhagsáætlun BÍS.</p> <p>Stjórn var sammála um að:</p> <ol style="list-style-type: none"> 1) Starfsemi Skátamiðstöðvarinnar þyrfti einhverskonar yfirmann, hvort það sé framkvæmdastjóri eða annar starfstíll. 2) Vinna næstu vikna myndi taka mið af því skipuleggja starfsemina með það í huga að auglýst yrði staða framkvæmdastjóra. 3) Stjórn myndi móta sér hugmyndir um starf framkvæmdastjóra og skipulag Skátamiðstöðvarinnar. <p>Samþykkt var að leita til utanaðkomandi ráðgjafa sem eru skátar til að aðstoða stjórn við að leiða vinnuna. HS var falið að leita til tveggja einstaklinga.</p> <p>Tímalínan var teiknuð upp og í kjölfarið af því var samþykkt að fjölga stjórnarfundum BÍS frá og með 17. maí til 20. júní úr tveggja vikna fundum í vikulega. Fundað yrði frá kl. 19.30-21.30.</p> <p>JPG og HS var falið að hafa samband við WOSM og skoða samstarf við þá vegna „best practises“ í þessum breytingum í Skátamiðstöðinni.</p>		<p>JPG</p>

<p>5</p>	<p>Meginviðfangsefni 2: Fjármál.</p> <ol style="list-style-type: none"> AGS/HS kynnti 3ja mánaða uppgjör BÍS, GS og SB. Farið var yfir fjárhag hvers ráðs fyrir sig. Fjárhagsáætlun BÍS þarfnast endurskoðunar þar sem ekki var gert ráð fyrir öllum útgjaldaliðum í henni og verður það gert á næstu vikum og hún lögð til stjórnar til samþykktar. GS eru í jafnvægi og svigrúm er að myndast til frekari fjárfestinga. SB er farin að fjárfesta í söluvörum í tengslum við mótið og því sýnir reksturinn mínustölur þar sem birgðirnar eru ekki eignfærðar fyrr en í árslok. Búið var að fara yfir fjármál WSM á síðasta fundi og eru þau skv. áætlun. Ekki var farið í fjármál Úlfjótsvatns að þessu sinni og stefnt er að gera það þegar málefni Úlfjótsvatns verða rædd í heild. AGS/HS kynnti rekstraráætlun BÍS og verkefnaform henni tengdri. Næstu skref eru að stjórn BÍS fari yfir sín verkefnaform og forgangsraði þeim þannig að hægt sé að uppfæra áætlanir í samræmi við það. Stefnt er að því að skila uppfærðum áætlunum í júní. 	<p>Júní</p>	<p>AGS</p>
<p>6</p>	<p>Mál til kynningar:</p>		
<p>6.1</p>	<p>Aksturskýrsla. Dagmar kynnti aksturskýrslu sem fylla þarf út vegna erindreksturs BÍS. Aksturskýrslan var samþykkt með breytingum og var HS falið að kynna hana á meðal okkar sjálfboðaliða sem eru að nýta sér þessi úrræði. BÍS rekur sérstaka bifreið og er hún almennt notuð í erindrekstri BÍS. Aksturskýrslur eru sjaldan notaðar.</p>		<p>AGS</p>
<p>6.2</p>	<p>Félagsforingjafundur í haust - Tímasetning og innihald. Umræður voru vegna félagsforingjafundar í haust. Yfirleitt hafa verið tveir fundir á ári: snemma hausts og rétt fyrir Skátapiing. Mikilvægt að dagsetja sem fyrst. Samþykkt var að félagaráð myndi útfæra fundinn og skila tillögum til stjórnar í júní.</p>	<p>Júní</p>	<p>DÝÓ</p>
<p>7</p>	<p>Mál til afgreiðslu og bókunar:</p>		
<p>7.1</p>	<p>Meginviðfangsefni stjórnarfunda HS kynnti meginviðfangsefni stjórnarfunda og voru þær samþykktar með breytingum. Samþykkt var að stefnumörkun BÍS, breytingar á starfssemi Skátamiðstöðvarinnar og fjármál BÍS yrðu meginviðfangsefni stjórnar næstu mánuði. Einnig var samþykkt að tryggja nýrri stjórn svigrúm til að setja sig inn í hlutina, búa til andrými til að fylgja eftir stefnumörkun BÍS og fylgja eftir þeim skuldbindingum sem liggja fyrir (stefnumörkun og fjármál). Þetta skjal er viðmið og tekur breytingum ef þurfa þykir. Stjórn samþykkti jafnframt að mál</p>		<p>HS</p>

	til afgreiðslu á stjórnarfundum þyrftu að berast fyrir hádegi á föstudögum.		
7.2	Hlutverk framkvæmdaráðs og fundargerð Stjórn samþykkti hlutverk ráðsins og í því sætu skátahöfðingi, aðstoðarskátahöfðingi, gjaldkeri, framkvæmdastjóri og skrifstofustjóri BÍS og yrði fyrirkomulagið endurskoðað eftir Skátaping ár hvert. Fundargerð F02-2017 var lögð fram. Fundargerðir þessar eru vinnugögn og því ekki gerðar opinberar. Þau mál sem stjórn þarf að ræða sem ein heild yrðu tekin fyrir á stjórnarfundum og bókuð sérstaklega þar.		HS
7.3	Fundargerð félagsforingjafundar 30. mars Fundargerðin er samþykkt og bókuð í trúnaðarbók.		BN
	Landsþing skátagildanna Stjórn samþykkti að senda Mörtu Magnúsdóttur, skátahöfðingja, sem fulltrúa BÍS á þingið.		DÝÓ
8	Önnur mál		
	Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.		

Úr viðburðadagatali BÍS:

4. apríl	Fundur BÍS og SSR ásamt félagsforingjum í Rvík um uppbyggingu skátastarfs í Rvík
7-14	Auður djúpúðga - útivistaraskorun rekkaskáta
24	Endurfundur skáta - ath er 1/2 mánuði seinna en venjulega
	Íslenski fáninn í öndvegi
19.-23	Agora 2017 - Delft, Netherlands
20	Sumardagurinn fyrsti
20	Skátafélagið Vífill fagnar 50 ára afmæli
27	Vítamínkvöld - Útivist í skátastarfi
19.-23	Young Spokesperson Training (við höldum þetta fyrir WOSM)
28-30	Hrollur - ævintýraleg útivistarkeppni fyrir dróttskáta
29	Félagsstjórnánámskeið
6. maí	Gilwell leiðtogaþjálfun 4. skref
18	Vítamínkvöld - Verndum þau
5.-7.	VISTA-helgi
11.-14.	World Scout Educational Congress, Kandersteg
17	Samráðsfundur/hópefli stjórnar og ráða BÍS
20-21	Skyndihjálparnámskeið
27.-28.	Gilwell leiðtogaþjálfun 5. skref
26.-28.	Vormót Hraunbúa
3.-4.	Drekaskátamót
6.-7.	Skyldur stjórnenda sumarnámskeiða
6.-8.	Námskeið fyrir sumarstarfsfólk
8	Verndum þau námskeið
19	Sumarbúðirnar hefjast á Úlfliótsvatni
17.	Þjóðhátíðardagur Íslendinga
23.-25.	Viðeyjarmót Landnema